



Fundargerð 3. fundar notendahóps greiningaraðila

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands þriðjudaginn 20. september 2016 milli 10:00 og 11:30.

Notendur sem mættu á fundinn voru:

Greiningaraðilar	Fyrirtæki/ stofnun
Gústaf Steingrímsson	Landsbankinn
Magnús Stefánsson	Landsbankinn
Hrafn Steinarsson	Arion banki
Marinó Melsted	Hagstofa Íslands – Þjóðhagsspá
Vignir Jónsson	Analytica
Henný Hinz	ASÍ
Ólafur Garðar Halldórsson	Samtök atvinnulífsins
Hörður Garðarsson	Seðlabanki Íslands

Fulltrúar frá Íslandsbanka, IFS, Hagfræðistofnun HÍ og Fjármálaráðuneytinu voru einnig boðaðir en komust ekki.

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Auður Ó. Svavarsdóttir	Deildarstjóri – Utanríkisverslun
Björn Rúnar Guðmundsson	Sviðsstjóri - Efnahagssvið
Böðvar Þórisson	Sviðsstjóri – Fyrirtækjasvið
Gunnar Axel Axelsson	Deildarstjóri – Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál
Heiðrún E. Guðmundsdóttir	Deildarstjóri - Vísitölur
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri – Félagsmálasvið
Magnús Kári Bergmann	Deildarstjóri - Fyrirtækjatölfræði
Margrét K. Indriðadóttir	Deildarstjóri – Laun, tekjur og menntun
Lárus Blöndal	Deildarstjóri – Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
Reynir Kristjánsson	Gæðastjóri
Tryggvi Björgvinsson	Deildarstjóri – Upplýsingatækni og miðlun

Fundarstjóri var Reynir Kristjánsson.

Dagskrá

1. Staða umbótaverkefna
2. Umbótahugmyndir og forgangsroðun

Fundargerð

1. Byrjað var á að fara örstutt yfir stöðu umbótaverkefna (sjá fundargerð 2. fundar) en helstu breytingar á stöðu þeirra er að að búið er að gefa út nýjar tölur, byggt á rekstrarframtölum, um rekstur og efnahag fyrirtækja eftir atvinnugreinum. Sundurliðun gagna eftir atvinnugreinum var aukin auk þess sem tímaröðin var lengd aftur til 2002 flokkuð samkvæmt ÍSAT2008. Hægt er að nálgast gögnin bæði á föstu og breytilegu verði. Einnig kom fram að mánaðarleg sundurliðuð launavísitala verður birt innan tíðar.
 2. Notendur voru beðnir um að svara spurningunni „Hvað þarf Hagstofan að bæta?“ og þegar allar umbótahugmyndir höfðu komið fram var þeim forgangsraðað. Niðurstöður eru eftirfarandi (tölurnar segja til um fjölda atkvæða sem notendur gáfu hverri umbótahugmynd, þeim fleiri atkvæði þeim mikilvægara að bæta):
 - 13 Atvinnuvegafjárfesting brotin niður í almenna, stóriðju, skip og flugvélar.
 - 9 Könnun á lausum störfum + Könnun um færniþörf á vinnumarkaði
 - 7 Samræma sniðmát taflna t.d. tímaröð + Nota Hagstofugögn beint í Excel
 - 5 Vörukörfuviðmót þegar gögn eru sótt
 - 4 Tekjutölfræði úr staðgreiðsluskrá
 - 4 Ítarlegri íbúðafjárfestingatölfræði, t.d. byggingarstig
 - 4 Vöruviðskipti á þjóðhagsreikningagrunni
 - 3 Nýskráning bílaleigubíla
 - 2 Meira niðurbrot almennt í töflum/ upplýsingum, t.d. útflutningur
 - 1 Niðurbrot launarannsókn, t.d. störf
 - 1 Sundurliðuð launavísitala
 - 1 Birta útgjaldarannsókn heimilanna
 - 1 Flugfargjöld til útlanda – áhrif/ breyting mon/ yoy
 - 1 Framboð gistirýmis samtala mánaða
 - 0 Skýringar á Hagstofuflokkum (útflutningur)
 - 0 Adult education survey (könnun á símenntun)
 - 0 Menntunarskrá
- Fundarmönnum var þökkuð þátttakan og fundi slitið.